



Seyðisfirði 7. janúar 2020

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

## **Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020 – 2024, þingskjal 598 – 434. mál.**

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020 – 2024, 434. mál

Bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar lýsir yfir mikilli ánægju með að Fjarðarheiðagöng séu komin á dagskrá í þessari tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020 - 2024. Eins og áður hefur verið bent á í stöðu mála varðandi Seyðisfjarðarveg nr. 93 um Fjarðarheiði í hinu íslenska grunnvegakerfi í dag þá er víða pottur brotinn. Bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar fagnar því að loksins hafi það verið viðurkennt að rjúfa þurfi vetrareinangrun Seyðisfjarðar en leggur áherslu á að hönnun verði hraðað eins og kostur er þar sem þetta mál þolir ekki lengri bið. Í desembermánuði var heiðin lokuð frá 6,3 klst til 22,4 klst á sólarhring í 8 daga (frá 10. – 22. desember). Slys og óhöpp eru mun tíðari heldur en fjölmiðlar flytja fregnir af og bæjarbúar hafa lært að umgangast þennan óblíða fjallveg með varkárni, en þetta ástand heftir frelsi mjög mikið og skerðir öryggi.

Bent er á að í dag sækja bæjarbúar nánast alla sína þjónustu til Egilsstaða. Fyrir 25 - 30 árum þurftu bæjarbúar ekkert að sækja þangað nema flug og fóru því ekki mikið yfir Fjarðarheiði nema nauðsyn bæri til frá hausti til vors. Vörur komu með strandferðaskipum, verðslanir voru fjölmargar í bænum (miðað við höfðatölu), bæði með matvörur, byggingavörur, bækur, gjafavörur, lyf og fatnað. Í bænum var sjúkrahús með tvo starfandi lækna, ljósmóður og skurðstofu og svo mætti áfram telja. Samfélagslegt gildi þess að fá samgöngur er samræmast 21. öldinni er því óumdeilt. Gangaleysið hefur staðið íbúa- og atvinnuþróun á Seyðisfirði fyrir þrifum. Það sem skiptir þó höfuðmáli hér er öryggi bæjarbúa og þeirra 400 – 500.000 ferðamanna sem fara nú um Seyðisfjarðarveg nr. 93.

Ástæða er til að ítreka það að samstarfsfjármögnun hugnast bæjarstjórn Seyðisfjarðar svo taka verður það með inn í reikninginn þegar fjármögnun ganganna er skoðuð, ástæða er til að skoða hvernig frændur vorir í Færeyjum fara að.

Í samgönguáætlun er gert ráð fyrir fjármunum í sjóvarnir til Seyðisfjarðar, samhliða því eru umfangsmiklar ofanflóðavarnir í bígerð en gert er ráð fyrir talsverðri efnistöku vegna þessara verkefna sem væri kjörið að leysa með því að nýta það efni sem kemur vegna gangagerðarinnar.

Sameining sveitarfélaganna fjögurra, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Fljótaldalshéraðs, Borgarfjarðarhrepps og Djúpavogshrepps hefur verið samþykkt með afgerandi meirihluta bæjarbúa sveitarfélaganna fjögurra. Ein af forsendum þess að vel takist til við sameininguna eru bættar samgöngur milli staðanna.

Samband sveitarfélaga á Austurlandi hefur samþykkt Fjarðarheiðargöng sem forgangsmál í samgöngumálum Austurlands í fjölmörg ár.

F.h. bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar

  
Aðalheiður Borgþórsdóttir bæjarstjóri

